

3. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 5. og 6. október 2018 í Edinborgarhúsinu Ísafirði

Fiskeldi - greinargerð

Efnahagsleg og samfélagsleg áhrif fiskeldis.

Á grundvelli forsenda skýrslu KPMG um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif fiskeldis í Ísafjarðardjúpi (september 2017), má telja að áhrif af 70 þús tonna eldi verði komið upp á næstu 10 til 15 árum, miðað við 80 þús tonna burðarþol. Áhrif þessa eru sem hér segir;

- Heildarverðmæti má áætla að verði um 65 milljarðar
- Bein störf 730 og afleidd störf um 420, samtals um 1.150 störf (þar af er nú talið að um 200 störf séu þegar kominn á Vestfirði miðað við um 10 þ tonna).
- Íbúapróun, miðað við þegar bein störf eru í hámarki að það fjölgi um 2.500 manns m.t.t. ruðningsáhrifa. Leggja má það mat að þessi 200 störf sem þegar eru kominn að þau standi á bak við um 400 - 450 íbúa. Nettófjölgun er hinsvegar minni, en við sjáum bara fjölgun í Vesturbyggð um 130 manns frá árinu 2008, í öðrum sveitarfélögum á fiskeldissvæðinu er enn fækkun, en eins má segja að þessi uppbygging hafi komið í veg fyrir meiri fólksfækkun að óbreyttu og hugsanlega hrun í einhverjum byggðalögum.
- Skattgreiðslur til ríkissjóðs verði 2,8 milljarðar á ári og um 700 mkr renni til sveitarfélaga, þegar flest bein störf eru til staðar og framleiðsla kominn í hámark